

Selfossi 13. apríl 2023

Félagið Vinir íslenskrar náttúru (VÍN) er samtök vísinda- og fræðafólks, náttúruverndarfólks og fulltrúa helstu náttúruverndarsamtaka landsins (sbr. meðfylgjandi skrá yfir stofnfélaga). Félagið var formlega stofnað á sl. ári en hópurinn hefur starfað saman lengur. Hlekkur á vef félagsins er: <https://natturuvinir.is/> Tilgangur félagsins er að fjalla um náttúruverndarmál líðandi stundar. Ísland er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi um náttúruvernd, vernd líffræðilegrar fjölbreytni, landslags og náttúruauðlinda. Skyldur þjóðarinnar á þessu sviði eru margvíslegar, sem endurspeglast í íslenskri löggjöf. Starfsemi VÍN tekur mið af þessum alþjóðlegu skuldbindingum og íslenskri löggjöf um náttúruverndarmál í umfjöllun sinni. VÍN leggur áherslu á að veita aðgang að faglegu og vönduðu efni sem byggt er á vísindalegum grunni og kynna þau náttúruverndarmál sem efst eru á baugi hverju sinni.

Félagið leggur m.a. áherslu á að koma í veg fyrir skaðleg áhrif ágengra og framandi tegunda í íslenskri náttúru; neikvæð áhrif þeirra á lífríki, menningarminjar, jarðminjar og ásýnd landsins og mótar tillögur til úrbóta. Félagið vill veita stjórnvöldum aðhald í þeim brýnu verkefnum sem blasa við varðandi skipulag og framkvæmd áætlana sem varða náttúru landsins. Félagið styður aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem og kolefnisbindingu sem ekki hefur neikvæð áhrif á náttúru Íslands. Það mun stuðla að því að komið sé á framfæri áreiðanlegum upplýsingum um kolefnisbindingu og kolefniseiningar og leggur áherslu á að notuð séu alþjóðleg vottunarkerfi með viðurkenndum kröfum og og viðmiðum, sem jafnframt taka tillit til íslenskra aðstæðna.

Við í VÍN óskum Pokasjóði til hamingju með þetta nýja verkefni (Nýmörk) og vonum að það muni skila jákvæðum árangri í endurheimt landgæða á illa förnú landi. Við förum þess eindregið á leit að Pokasjóður gæti þess að verkefnið auki ekki útbreiðslu framandi tegunda sem líklegar eru til að verða ágengar í íslenskri náttúru eins og sitkagreni og stafafuru. Allir þeir sem fara um landið með opin augun hljóta að sjá að þessar tegundir eru farnar að breiðast mikið út. Eins og ykkur en kunnugt verða miklar vistkerfisbreytingar þegar skógur vex upp einkum ef um er að ræða hávaxnar tegundir, sérstaklega barrtré. Von er á ritrýndri grein byggða á vönduðum rannsóknum um hegðun stafafuru hér á landi sem tekur af allan vafa um ágengni hennar. Stafafuran er viðurkennd sem ein ágengasta trjátegund í heimi og því skyldi þessum eiginleikum hennar vera öðru vísi farið hér á landi en í öðrum löndum?

Við viljum benda á að notkun framandi ágengra tegunda er brot á alþjóðlegum samningum um líffræðilega fjölbreytni (SP-samningur), Bernarsamningnum um vernd villtrar náttúru Evrópu og AEWA samningnum um fuglavernd. Þessir samningar fjalla, m.a. um vernd búsvæða tiltekinna tegunda, s.s. mófugla og þar eru ákvæði um dreifingu þar sem aðildarlönd, þar á meðal Ísland, hafa skuldbundið sig til að hafa hemil á framandi ágengum tegundum og helst að uppræta þær. Íslendingar verða líka að taka tillit til samþykktu aðildarríkja þessara samninga um kröfur á íslensk stjórnvöld um vernd vistgerða og búsvæða tegundanna þar sem talið er að Ísland sinni ekki skyldum sínum, samanber ályktanir Bernarsamningsins og AEWA samningsins þar að lútandi. Hömlulaus skógrækt með framandi tegundum á þar stærstan hlut að máli.

Skógrækt með ágengum tegundum er líka brot á gildandi náttúruverndarlögum. Við bendum hér á tvennt. Í markmiðsgreinum laganna eru afdráttarlaus ákvæði um að vernda skuli líffræðilega fjölbreytni og viðhalda fjölbreytni vistgerða, sbr. markmiðsgreinar laganna:

■ **2. gr.** *Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir.*

□ Til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því:

a. að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða,

b. að standa vörð um og efla vistkerfi landsins svo eðli þeirra, gerð og virkni sé tryggð til framtíðar,

c. að varðveita tegundir lífvera og erfðafræðilega fjölbreytni þeirra og tryggja ákjósanlega verndarstöðu þeirra þannig að tegundirnar nái að viðhalda sér í lífvænlegum stofnum til lengri tíma á náttúrulegum búsvæðum sínum. Þetta markmið gildir ekki fyrir framandi tegundir.

Rétt er að benda sérstaklega á að notkun framandi tegunda nær aldrei þessum markmiðum.

Í öðru lagi er fjallað um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda í IX kafla laganna. Enn fremur ber að skoða:

IX. kafli. [Friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda.]¹⁾

¹⁾[L. 109/2015, 27. gr.](#)

■ **[56. gr.]¹⁾ Friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda.**

□ Til að ná markmiðum a-, b- eða c-liðar 2. gr. er ráðherra heimilt að gefa út auglýsingu um friðun tiltekinna vistkerfa, vistgerða eða tegunda og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Friðun getur náð til landsins alls eða til afmarkaðra landsvæða eða hafsvæða. Í auglýsingunni getur ráðherra afmarkað að öðru leyti umfang friðunarinnar og kveðið nánar á um takmarkanir sem af henni leiðir. Í auglýsingu um friðun tegundar getur ráðherra m.a. mælt fyrir um vernd búsvæða hennar. Samráð skal haft við þann ráðherra sem fer með málefni sem varða stjórn á nýtingu auðlinda hafsins og hafsbotsins um friðun sem haft getur áhrif á nýtingu fiskstofna eða annarra lifandi auðlinda hafsins eða hafsbotsins.

□ Ákvörðun um friðun skv. 1. mgr. skal ráðherra byggja á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, sbr. 33. gr. Ef sérstakar aðstæður skapast sem leiða til skyndilegrar hnignunar vistkerfis, vistgerðar eða tegundar þannig að verulega víki frá markmiðum a-, b- eða c-liðar 2. gr. er Náttúrufræðistofnun Íslands skylt, í samráði við fagráð náttúruminjaskrár, að taka til skoðunar hvort leggja skuli til friðun viðkomandi vistkerfis, vistgerðar eða tegundar. Að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands getur ráðherra gefið út auglýsingu í samræmi við 1. mgr. en áður skulu friðunaráformin þó kynnt í samræmi við 2. og 3. mgr. 36. gr.

Ákvæði þessarar greinar hafa enn ekki komið til framkvæmda og það er miður vegna andstöðu innlendra aðila, sem telja sig hafa hagsmuna að gæta.

Önnur ákvæði sem þarf að horfa til eru eftirfarandi:

■ **6. gr. Almenn aðgæsluskylda.**

□ Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

■ **9. gr. Varúðarregla.**

[Þegar tekin er ákvörðun á grundvelli laga þessara, án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum.] ¹⁾ Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.

■ **10. gr. Mat á heildarálagi.**

Áhrif á náttúru svæðis skal meta út frá heildarálagi sem á svæðinu er eða það kann að verða fyrir.

■ **70. gr. Ræktun.**

Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.

Á vefsíðu Nýmarkar kemur fram að markmið verkefnisins sé að setja niður plöntur víðs vegar um land og að styrkur sé eingöngu veittur til kaupa á plöntum af skógartjáum sem eru vel fallin til bindingar á kolefni, svo sem ösp, birki og furu. Með vísan til þeirra ákvæða sem getið er hér að ofan, einkum varúðarreglunnar, mælumst við eindregið til þess að styrkur verði eingöngu veittur til kaupa á birki. Að styrkja kaup á hávöxnum framandi tegundum einkum þeim sem líklegar eru til að verða ágengar í íslenskri náttúru er hættuspil en myndi auk þess skaða verulega hina frábæru ímynd sem Pokasjóður hefur í huga ræktunarfólks og alls almennings.

Með vinsemd og virðingu,

F.h. stjórnar VÍN

Jón Gunnar Ottósson, varaformaður

Afrit send: Skógræktinni og Landgræðslunni.